

EBAK - Félag eldri borgara á Akureyri

7. stjórnarfundar EBAK 21. nóv. 2018

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson, Egill Jónsson og Birgir Björn Svavarsson.

Fjarverandi: Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Kolbrún Kristjánsdóttir.

- 1. Fundarsetning.** Formaður setti fundinn.
- 2. Fundargerð** stjórnar EBAK nr. 6. frá 31. okt. 2018 yfirfarin og afgreidd.
- 3. Skráning** í dagbók í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. 31. október fékk Dóra tvö símtöl. 14. nóvember komu 2 nýir félagar til Garðars og Birgis og nokkrir spurðu um Mývatnsferðina.

Viðvera á skrifstofu næstu miðvikudaga: 21/11 Hallgrímur; 28/11 Birgir Björn; 5/12 MP; 12/12 Haukur; 19/12 Egill.
- 4. Tímasetning** næsta stjórnarfundar EBAK. Tillaga 12/12 kl. 13, samþykkt. Gestir þess fundar verða fulltrúar EBAK í öldungaráði, þær Sigríður Stefánsdóttir og Valgerður Jónsdóttir. Halldór hefur samband við þær, en hann er jafnframt fulltrúi í öldungaráði.
- 5. Verkefni milli stjórnarfunda.**
 - a) Ályktun um könnun á líðan, kjörum og viðhorfum eldri borgara á Akureyri, (sjá ályktun í 6. fundargerð stjórnar). Halldór hefur verið að vinna í málinu, sjá 8. lið hér neðar.
 - b) FKR-fundur með Bergljótu Jónasdóttur þann 19/11 sl. þar sem rætt var við hana um notendaráð, hlutverk þess og aðkomu EBAK að því. Einnig var óskað eftir að hún ýtti á viðgerðir á salernum í Bugðusíðu, viðgerðir á harmóníkuhurðinni við eldhúsið og lagfæringar á borðunum í salnum. Dóra hefur unnið í að koma stólunum í hreinsun.
 - c) Vinna við skráningarblað (excel). Sjá 7. dagskrárlíð.
 - d) Húsnæðisnefnd EBAK. Viðræður við Akureyrarbæ eru ekki hafnar.
 - e) Opinn fundur EBAK og Búfesti 22/11, sjá 10. lið.
- 6. Notendaráð.** Umræða um drög að samþykktum fyrir notendaráð félagsmiðstöðvanna og skipun fulltrúa í ráðið þ.e. 2 aðalfulltrúa og 1 varafulltrúa, samkvæmt samningi við Akureyrarbæ. Ákveðið að fresta skipun þeirra. Fulltrúar EBAK verða áfram þeir sömu um sinn. Akureyrarbær rekur tvær félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara en EBAK sér um reksturinn í Bugðusíðu. Margrétu var falið að reyna að finna ásættanlega niðurstöðu.
- 7. Reglur** um skráningu viðburða og fjölda gesta í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu. Hallgrímur sagði að við skoðun á skráningarefninu virtist heppilegra að nota frekar gagnagrunnsforritið Access en töflureiknirinn Excel. Innskráning verður mun þægilegri. Grétar er að prófa að nota forritið fyrir þessi gögn. Gera þarf lýsingu á hvernig á að vinna inn- og útskráningu á gögnunum þannig að þau nýtist sem best.
- 8. Samstarf** Akureyrarbæjar, EBAK, öldungaráðs og Háskólans á Akureyri um könnun á líðan, kjörum og viðhorfum eldri borgara á Akureyri (sjá ályktun frá 6. stjórnarfundu). Halldór hefur unnið áfram að þessu máli. Hann hitti Kristinn J. Reimarsson sem sendi erindið áfram til bæjarstjórnar. Halldór fylgdi þessu eftir í viðtalstíma hjá bæjarfulltrúunum Evu Hrund Einarsdóttur og Andra Teitssyni þann 15. nóv. Fjármagn til að gera könnunina þarf að koma frá Akureyrarbæ en Háskólinn á Akureyri hefur fagfólkið til að vinna hana. Stjórn EBAK telur heppilegast að öldungaráð Akureyrarkaupstaðar taki að sér undirbúning verkefnisins og beiti sér fyrir því að könnunin verði gerð á vegum bæjarins með aðkomu háskólans og EBAK.

- 9. Endurskoðun** samnings EBAK og Akureyrarbæjar um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu og framlag Akureyrarbæjar vegna starfsmannahalds EBAK í Bugðusíðu. Samkvæmt samningnum er hann til endurskoðunar árlega í október. Haukur ræddi við Kristinn J. Reimarsson um hækkun framlagsins og sumaropnun í Víðilundi. Ótímabært að koma með hækkunardeiðni fyrr en á næsta ári og þá í september svo hún komist inn í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2020. Eins og er verður EBAK ekki með halla um áramót en á næsta ári er halli fyrirsjáanlegur. Kristinn sagðist gjarnan vilja eiga fund með EBAK og heyra hvernig hefur gengið síðan EBAK tók við Bugðusíðu. Haukur lagði áherslu á sumaropnun í Víðilundi og sagði Kristinn það stefnuna.
- 10. Opinn fundur.** Búfesti hsf og EBAK hafa auglýst opinn fund í Bugðusíðu 1 fimmtudaginn 22. nóv. nk. kl. 16:30.
- 11. Sími og tölvumál** í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu. Netsamsambandið er gott. Mánaðarlegir reikningar fyrir síma, ljósleiðara, nettengingu og heimasíðu er rúmlega 23.000 kr. Garðari og Hallgrími var falið að skoða greiðslur fyrir síma og tölvutengingar með sparnað í huga.
- 12. Upplýsingar frá nefndum EBAK til uppstillinganefndar.** Halldór tók að sér að hafa samband við formenn nefndanna og minna á að senda upplýsingar til stjórnar EBAK um hverjir ætla að hætta. Þetta þarf að gera í 1. vikunni eftir áramót.
- 13. Önnur mál.**
- Afsláttarbók LEB 2019. Dagsetning á lokaskilum efnis frá EBAK vegna bókarinnar er 15. jan. 2019.
 - Starfsemin í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu í kringum jól og áramót. Linda og Dögg hafa skipulagt Pálínukaffi þann 10. des. og ætla að vera með jólamat 21. des. Auk þess verður opið í Bugðusíðu 27. og 28. des. kl. 11 – 13. Félagsmiðstöðin verður opnuð aftur 3. janúar nk. Engin viðvera verður á skrifstofu EBAK 2. janúar.
 - Erindi frá POWER TALK-hópnum. Endurnýjað munnlegt erindi Guðrúnar Sigurðardóttur. Samþykkt samhljóða að leigja hópnum salinn fyrir hálfsmánaðarlega fundi í vetur fyrir 7000 kr. skiptið.
 - Skipulag skrifstofu, möppur og gagnavarsla – verki lokið fyrir árslok 2018.
 - Haukur sagði frá fundi með félagi eldri borgara á Borgundarhólmi. Danir settu lög um að allir sem fá lífeyri hafi heimabanka og netfang. Hugsanlega getum við aðstoðað við tölvuvæðingu eldri borgara hér á svæðinu. Kannski væri hægt að fá styrki til að vinna að málinu.

Fundi slitið.

Margrét Pétursdóttir